

Foreldrafundur 1. febrúar 2021

Mættar; Anna Sjöfn, Sigurlaug, Fanney, Elísa, Guðný, Rósa, María, Harpa, Anna Lilja. Kynntu sig og í hvaða bekkjum eiga börn

Gjaldkeri fór yfir reikning og fjárhagsstöðu félagsins. Ánægjulegt að innheimta gengur vel Ákveðið að hvetja til bekkjar hittings utandyra þar sem foreldrar hittast. Fanney talar um að taka saman póst með hugmyndum að útiveru hittingum.

Rósa ræddi fund skólaráðs, samræma frjálst nesti yfir allan skólann, kvörtun frá foreldrum sem eru með mörg börn. Tillaga að foreldrafélagið styðji frjálsa nestis daga, kemur fyrir að sömu börnin komi aldrei með neitt. Tillaga að kaupa auka og koma á kennarastofuna.

Bryndís þakkar gjafirnar og ánægð með foreldrana í hópnum.

Tillögur að nýju skóladagatali 2021- 2022. Auka dagar á skóladagatali, rætt um að það sé of mikið af þessu. Bleikur, blár, ósamstæðir sokkar fyrir downs og kannski náttfatadag var tillaga en ekki fleiri dagar.

7. Bekkur fór í bíó í staðinn fyrir Reyki, rætt um að bjóða öllum bekkjum í bíó.

Ræða við stjórnendur skólans um útfærslu á því. Heyra líka í Bryndísi varðandi hvernig staðan er á Reykjum, verður farið?

María heyrði í Valdísi og Pórey voru að taka saman hugmyndir fyrir foreldrafélagið, borðtennisborð, taflborð og fótboltaspil. Pingpong.is. María kannar og verður í sambandi við gjaldkera.

Anna talar við bíó og fær tilboð fyrir alla bekkina, útfærir cash áætlun.

Lítið að fréttu hjá Samtaka, veikindi hjá formanni. Samtaka stóð fyrir að Akureyrarbær

borgaði fyrir Akademiuna. Biðja Kristjönu um að minna á þennan póst ef foreldrar vilja nýta. Rætt um umræður við Samtaka varðandi að útvega endur skinsmerkin. Guðný kannar hjá Samgöngustofu með endur skinsmerkin.

Anna Sjöfn fór á fund hjá Adhd samtökunum, þeir eru með fund í streymi þar sem fyrirlesarinn er menntaður kennari með adhd og á 3 börn með adhd. Fjallar um adhd og heimanám. Hennar nálgun á kennara hvað adhd barni út úr skólanum. Þessi börn bugast í framhaldsskóla, kulnun eftir 10 ára þrot. Athyglisverð nálgun og áhugavert að benda á. Jóna Kristín Gunnarsdóttir er nafnið.

3650 kr árgjaldið. ADHD og heimanám. Guðný bendir á að skólanum vanti tímavaka. 8990 kr stór tímavaki. Guðný spyr kennara hversu marga vanti, tillaga að kaupa fyrir yngstu stigin.

Alg minnir á að virkja facebook síðuna, setja inn efni þar.

Andri ánægður með fyrirlestur Þorsteins/ karlmennskan. Bryndís ekki eins ánægð, fannst fyrirlesturinn óskipulagður. María ætlar að hlera Heimi. Nefnir að Valdís hafi talað vel um fyrirlesturinn og verið ánægð. Heimis ekki eins ánægður og sammála Bryndísi. Virðist sem kennarar í nánara samstarfi við nemendur séu ánægðari en stjórnendur.

María nefnir að henni finnst sérstakt að ekki sé búið að tilkynna að Hrafnhildur sé hætt og Jódís tekin við stjórn leikskólans

Faney spyr hvernig okkur líkaði rafræn foreldraviðtöl. Almenn ánægja hjá öllum, rætt um að þetta væri komið til að vera. Geggjað að hafa þetta valkvætt í framtíðinni.

Pálmar Ragnarsson, áhugaverðarpælingar hjá honum og spurning um að kanna hvort hann verður með fyrirlestrartörn.

Stilla upp styrktarsjóð, Harpa nefnir að það sé til staðar sjóður fyrir börn frá efnaminni heimilum að sækja í.

Maturinn í skólanum, enn og aftur what to do.

Ekki sérstaklega slæmt, aðeins betra með nýju fólki í eldhúsinu. En rætt um af hverju ekki hægt að kaupa matarmiða eins og í öðrum skólum. Námskeið fyrir starfsmenn í eldhúsum skólanna, eitthvað sem Samtaka getur komið inn á.

Hamra á því í haust að fá inn salatbarinn og matarmiðana.

Fá fund með Geira? Harpa talaði um fyrri setu og þá hafi verið mælt inn og út. Spyrja Akureyrarbæ hvernig hægt er að mæla gæði í eldhúsi.

Fá myndir af mat og salatbörum til að hafa eitthvað í höndum.

Fundi slitið 21:48.